

**1998 nr. 77 15. júní****Lög um lögmenn**

**Tóku gildi 1. janúar 1999.** *Breytt með* l. 36/1999 (tóku gildi 1. maí 1999), l. 93/2004 (tóku gildi 1. nóv. 2004; *EES-samningurinn*: VII. viðauki tilskipun 77/249/EBE og 98/5/EB), l. 33/2007 (tóku gildi 30. mars 2007), l. 88/2008 (tóku gildi 1. jan. 2009 nema brbákv. VII sem tók gildi 21. júní 2008), l. 95/2008 (tóku gildi 1. jan. 2009), l. 60/2010 (tóku gildi 19. júní 2010), l. 162/2010 (tóku gildi 1. jan. 2011) og l. 126/2011 (tóku gildi 30. sept. 2011).

Ef í lögum þessum er getið um ráðherra eða ráðuneyti án þess að málefnasvið sé tilgreint sérstaklega eða til þess vísað, er átt við **innanríkisráðherra** eða **innanríkisráðuneyti** sem fer með lög þessi.

**I. kafli. Almenn ákvæði.**

■ **1. gr.** [Með lögmanni er í lögum þessum átt við þann sem hefur leyfi til að vera hæstaréttarlögmaður eða héraðsdómslögmaður.

□ Lögin taka einnig, eftir því sem við á, til lögmanna sem heimild hafa til að starfa hér á landi undir starfsheiti heimalands síns í samræmi við reglur Evrópska efnahagssvæðisins eða stofnsamning Fríværslunarsamtaka Evrópu. [Ráðherra]<sup>1)</sup> setur nánari reglur<sup>2)</sup> um skráningu, skyldur, réttindi og störf slíkra lögmanna hér á landi, þar með talda þátttöku í félagi um rekstur lögmansþjónustu.

□ Lögmenn eru opinberir sýslunarmenn. Njóta þeir réttinda og bera skyldur samkvæmt því.<sup>3)</sup>

<sup>1)</sup> L. 126/2011, 275. gr. <sup>2)</sup> Rg. 896/2004, sbr. 355/2007. Rg. 648/2005, sbr. 354/2007. <sup>3)</sup> L. 93/2004, 1. gr.

■ **2. gr.** Ef aðili fer ekki sjálfur með mál sitt fyrir dómi eða sá sem að lögum getur verið fyrisvarsmáður hans í dómsmáli verður ekki öðrum en lögmanni falið að gæta þar hagsmuna hans, sbr. þó 3. mgr.

□ Ákvæði 1. mgr. gilda um [sakamál]<sup>1)</sup> með þeim takmörkunum sem kann að leiða af heimildum í lögum til að fela öðrum en lögmanni að koma þar fram sem verjandi, réttargæslumaður eða talsmaður sakbornings eða [brotþola].<sup>2)</sup>

□ Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. getur málsaðili falið þeim sem starfar sem lögmaður í öðru ríki á Evrópska efnahagssvæðinu og hefur heimild til að fara þar með mál annarra fyrir dómstóli að gæta hagsmuna sinna í máli fyrir samsvarandi dómstóli hér á landi . . . <sup>3)</sup> . . . <sup>4)</sup>

<sup>1)</sup> L. 88/2008, 234. gr. <sup>2)</sup> L. 36/1999, 48. gr. <sup>3)</sup> L. 33/2007, 1. gr. <sup>4)</sup> L. 93/2004, 2. gr.

**II. kafli. Lögmannafélag Íslands og úrskurðarnefnd lögmanna.**

■ **3. gr.** Lögmenn skulu hafa með sér félag sem nefnist Lögmannafélag Íslands. Er þeim öllum skylt að vera þar félagsmenn.

□ Lögmannafélag Íslands setur sér samþykktir. Það skal ekki hafa með höndum aðra starfsemi en þá sem sérstaklega er mælt fyrir um í lögum, sbr. þó 5. mgr.

□ [Í tengslum við Lögmannafélag Íslands skal starfa sjálfstæð úrskurðarnefnd lögmanna sem leysir úr málum eftir ákvæðum þessara laga. Úrskurðarnefndin hefur lögsögu yfir lögmönnum sem starfa hér á landi í samræmi við ákvæði 2. mgr. 1. gr. Skal nefndin skipuð þremur mönnum og jafnmörgum til vara. Skal hver nefndarmaður eiga þar sæti í þrjú ár í senn, en þó þannig að sæti eins nefndarmanns losni árlega. Einn nefndarmaður skal skipaður af Lögmannafélagi Íslands samkvæmt nánari ákvæðum í samþykktum þess, einn skal skipaður af [ráðherra]<sup>1)</sup> og einn skipaður af Hæstarétti Íslands, en hann skal vera úr röðum sjálfstætt starfandi lögmanna sem fullnægja skilyrðum til að gegna embætti hæstaréttardómara. Nefndin kys sér sjálf formann til eins árs í senn.]<sup>2)</sup>

□ Lögmannafélag Íslands ber kostnað af þeim störfum sem því og úrskurðarnefnd lögmanna eru falin með lögum. Getur félagið lagt á félagsmenn árgjald til að standa straum af þeim kostnaði.

□ Lögmannafélagi Íslands er heimilt að starfrækja í öðru skyni en að framan greinir sérstaka félagsdeild, eina eða fleiri, sem lögmönnum er frjálst að ákveða hvort þeir eiga aðild að. Skal fjárhagur slíkra félagsdeilda aðgreindur frá fjárhag félagsins.

<sup>1)</sup> L. 162/2010, 155. gr. <sup>2)</sup> L. 93/2004, 3. gr.

■ **4. gr.** Meðferð mála fyrir úrskurðarnefnd lögmanna fer eftir stjórnvísingum nema annað leiði af ákvæðum V. kafla. Nefndin setur sér innan þess ramma nánari reglur um meðferð einstakra málaflokka.

□ Ákvarðanir úrskurðarnefndar lögmanna sæta hvorki stjórnvísingum né málskoti innan Lögmannafélags Íslands.

■ **5. gr.** Lögmannafélag Íslands kemur fram fyrir hönd lögmanna gagnvart dómstólum og stjórnvöldum um þau málefni sem stétt þeirra varða.

□ Lögmannafélag Íslands setur siðareglur fyrir lögmenn.

□ Lögmannafélag Íslands skal stuðla að því að sérhver sem þarfnast aðstoðar lögmanns fái notið hennar, enda hlítu hann þá ráðum lögmansins og tryggi greiðslu hæfilegs endurgjalds fyrir aðstoðina.

**III. kafli. Lögmansréttindi.**

■ **6. gr.** Réttindi til að vera héraðsdómslögmaður má veita þeim sem um þau sækir og fullnægir þessum skilyrðum:

1. er lögráða og svo á sig kominn andlega að hann sé fær um að gegna störfum lögmanns,

2. hefur aldrei orðið að sæta því að bú hans sé tekið til gjaldþrotaskipta,

3. hefur óflekkað mannorð, svo sem áskilið er til kjörngengis við kosningar til Alþingis,

4. [hefur lokið fullnaðarnámi í lögfræði með embættis- eða meistaraþrófi við lagadeild háskóla sem viðurkenndur er hér á landi samkvæmt lögum um háskóla],<sup>1)</sup>

5. stenst prófraun skv. 7. gr.

□ Víkja má frá skilyrði 2. tölul. 1. mgr. að fengnum meðmælum Lögmannafélags Íslands ef umsækjandi hefur haft forræði á fé sínu að minnsta kosti þrjú undanfarin ár.

□ Leggja má að jöfnu við próf það, sem um getur í 4. tölul. 1. mgr., sambærilegt próf frá öðrum háskóla ef prófnefnd skv.

1. mgr. 7. gr. telur sýnt að umsækjandi hafi næga þekkingu á íslenskum lögum. Til að staðreyna þetta er nefndinni heimilt að leggja fyrir umsækjanda að gangast undir sérstakt próf á sínum vegum í einni eða fleiri lögfræðigreinum.

□ [[Ráðherra]<sup>2)</sup> er heimilt að setja í reglugerð<sup>3)</sup> fyrirmæli um undanþágu frá skilyrði 5. tölul. 1. mgr. handa þeim sem hafa öðlast hliðstæð réttindi í öðru ríki.]<sup>1)</sup>

□ [Erlendum lögmönnum sem heimild hafa til að starfa hér á landi í samræmi við ákvæði 2. mgr. 1. gr. má veita héraðsdómslögmansréttindi. [Ráðherra]<sup>2)</sup> setur nánari reglur<sup>4)</sup> um veitingu réttindanna.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 93/2004, 4. gr. <sup>2)</sup> L. 162/2010, 155. gr. <sup>3)</sup> Rg. 900/2004. <sup>4)</sup> Rg. 896/2004, sbr. 355/2007.

■ **7. gr.** [Umsækjandi um réttindi til að vera héraðsdómslögmaður verður að standast prófraun sem þriggja manna prófnefnd annast. [Ráðherra]<sup>1)</sup> skipar nefndina til fjögurra ára í senn. Skal skipa einn nefndarmann eftir tilnefningu Lögmannafélags Íslands, annan samkvæmt tilnefningu Dómarafélags Íslands en þann þriðja án tilnefningar og skal hann ekki vera starfandi lögmaður. Jafnmargir varamenn skulu

skipaðir á sama hátt. Ráðherra skipar nefndinni formann, svo og varaformann úr röðum varamanna.<sup>2)</sup>

□ [Prófraun til öflunar lögmannsréttinda skal bæði vera bókleg og verkleg og ná til þeirra greina bóknáms og verkmenntunar sem helst verða rækslu lögmannsstarfa, þar á meðal síðareglna lögmannna. Prófnefnd skipuleggur námskeið til undirbúnings prófraun. Henni er heimilt að láta Lögmannafélag Íslands og þá háskóla sem kenna lögfræði til embættis- eða meistaraþrófs, sbr. 4. tölul. 1. mgr. 6. gr., annast einstaka þætti námskeiðs og prófraunar. Í reglugerð,<sup>3)</sup> sem [ráðherra]<sup>1)</sup> setur að fengnum tillögum prófnefndar, skal meðal annars kveðið nánar á um námsgreinar, námskeiðahald, framkvæmd prófraunar og lágmarksárangur til að standast hana.]<sup>2)</sup>

□ Eft skil til námskeiðs og prófraunar ekki sjaldnar en annað hvert ár.

□ Að fenginni tillögu prófnefndar ákveður [ráðherra]<sup>1)</sup> gjald sem umsækjendur greiða fyrir að þreyta prófraun. Skil fjárhæð þess taka mið af kostnaði af námskeiðum og annarri framkvæmd prófraunarinnar.

<sup>1)</sup> L. 162/2010, 155. gr. <sup>2)</sup> L. 93/2004, 5. gr. <sup>3)</sup> Rg. 1095/2005, sbr. 197/2006, 152/2007 og 761/2007.

■ **8. gr.** Umsókn um leyfi til að vera héraðsdómslögmaður skal beint til [ráðherra].<sup>1)</sup> Eftir því sem þörf er á skal umsækjandi leggja fram gögn til stuðnings því að hann fullnægi skilyrðum skv. 6. gr. Hann skal að auki vinna að því skriflegt heit að viðlögðum drengskap að hann muni rækja af trúmennsku og samvissusemi öll þau störf sem honum kunna að verða falin sem lögmanni.

□ [Ráðherra]<sup>1)</sup> gefur út leyfisbréf handa héraðsdómslögmanni.

□ Héraðsdómslögmaður má gæta hagsmuna aðila í máli fyrir héraðsdómi eða sérdómstóli.

<sup>1)</sup> L. 162/2010, 155. gr.

■ **9. gr.** [Réttindi til að vera hæstaréttarlögmaður má veita þeim sem um þau sækir og fullnægir þessum skilyrðum:

1. hefur haft réttindi til að vera héraðsdómslögmaður í fimm ár,

2. fullnægir þeim kröfum sem er getið í 1.–3. tölul. 1. mgr. 6. gr.,

3. hefur flutt ekki færri en 30 mál munnlega fyrir héraðsdómi eða sérdómstóli, þar af a.m.k. 10 einkamál sem fullnægja skilyrðum um áfrýjun til Hæstaréttar eða fengið hafa leyfi Hæstaréttar til áfrýjunar,

4. sýnir fram á það með prófraun, sem felst í munnlegum flutningi fjögurra mála, sem flutt eru í Hæstarétti fyrir fimm eða sjö dómurum, þar af a.m.k. tveggja einkamála, að hann sé hæfur til að öðlast réttindin.]<sup>1)</sup>

□ [Sá sem þreyta vill prófraun skv. 4. tölul. 1. mgr. skal tilkynna Hæstarétti þá ósk sína og sýna fram á, með staðfestingu [ráðherra],<sup>2)</sup> að hann fullnægi öðrum skilyrðum 1. mgr. Dómendur Hæstaréttar sem skipa dóm í viðkomandi máli meta hvort umsækjandi stenst prófraun.]<sup>1)</sup>

□ Að fenginni umsögn Hæstaréttar getur ráðherra vikið frá skilyrðum 1., 3. og 4. tölul. 1. mgr. ef umsækjandi hefur gegnt dómaraembætti í að minnsta kosti tíu ár. Með sama hætti getur ráðherra vikið frá 1. og 4. tölul. 1. mgr. ef umsækjandi hefur um jafnlangan tíma gegnt embætti eða starfi sem fylgir lögum samkvæmt heimild til að flytja [sakamál]<sup>3)</sup> fyrir Hæstarétti.

□ [Ráðherra]<sup>2)</sup> er heimilt að setja í reglugerð fyriræli um undanþágu frá skilyrðum 1. og 3. tölul. 1. mgr. handa þeim sem hafa öðlast hliðstæð réttindi í öðru ríki og fullnægja að

öðru leyti þeim kröfum sem eru gerðar í 1.–4. tölul. 1. mgr. 6. gr., sbr. 2. og 3. mgr. sömu greinar.

<sup>1)</sup> L. 93/2004, 6. gr. <sup>2)</sup> L. 162/2010, 155. gr. <sup>3)</sup> L. 88/2008, 234. gr.

■ **10. gr.** Umsókn um leyfi til að vera hæstaréttarlögmaður skal beint til [ráðherra].<sup>1)</sup> Skulu fylgja henni eftir þörfum gögn til staðfestingar því að umsækjandi fullnægi skilyrðum 9. gr. til að öðlast réttindin.

□ [Ráðherra]<sup>1)</sup> gefur út leyfisbréf handa hæstaréttarlögmanni.

□ Hæstaréttarlögmaður má gæta hagsmuna aðila í málum fyrir öllum dómstólum landsins.

<sup>1)</sup> L. 162/2010, 155. gr.

■ **11. gr.** Lögmaður getur ráðið til starfa hjá sér fulltrúa sem fullnægir skilyrðum 1.–4. tölul. 1. mgr., sbr. 2. og 3. mgr. 6. gr. Leita skal staðfestingar Lögmannafélags Íslands á því að skilyrðum þessum sé fullnægt og leggja fyrir það gögn því til stuðnings.

□ Að fenginni staðfestingu skv. 1. mgr. skal lögmaður tilkynna dómstólum um ráðningu fulltrúa. Getur lögmannsfulltrúi upp frá því sótt þing fyrir öðrum dómstólum en Hæstarétti í umboði og á ábyrgð vinnuveitanda síns og gætt þar hagsmuna umbjóðanda vinnuveitandans, en þó ekki við munnlega sönnunarfærslu eða aðalmeðferð máls. Lögmanni ber að tilkynna dómstólum og Lögmannafélagi Íslands ef fulltrúi hans lætur af störfum.

□ Lögmaður getur ráðið annan lögmann til starfa hjá sér. Ber lögmaður ábyrgð á fjárvörslu slíks starfsmanns síns, svo og fébótaábyrgð á störfum hans að öðru leyti.

■ **12. gr.** [Lögmanni er skylt að hafa skrifstofu opna almenningi, sérstakan vörslufjárreikning í viðurkenndri bankastofnun og gilda starfsábyrgðartryggingu, allt samkvæmt því sem nánar segir í 19., 23. og 25. gr.

□ Lögmaður getur sótt um undanþágu til Lögmannafélags Íslands frá þeim skyldum sem um ræðir í 1. mgr. á meðan hann:

1. gegnir föstu starfi hjá opinberri stofnun eða einkaaðila, enda veiti hann engum öðrum þjónustu sem lögmaður,

2. starfar hjá öðrum lögmanni, sbr. 3. mgr. 11. gr., eða

3. gegnir föstu starfi hjá félagsamtökum, enda veiti hann engum öðrum en þeim samtökum eða félagsmönnum þeirra þjónustu og skal þjónustan falla innan starfssviðs samtakanna.

□ Lögmaður sem leitar undanþágu skv. 2. mgr. skal leggja fram samþykki vinnuveitanda síns fyrir henni. Ef undanþágu er leitað skv. 2. tölul. 2. mgr. skal fylgja staðfesting um þá ábyrgð vinnuveitanda sem um ræðir í 3. mgr. 11. gr. Ef undanþágu er leitað skv. 3. tölul. 2. mgr. ber vinnuveitandi húsbóndaábyrgð á fjárvörslu og þeim störfum lögmannsins sem starfsábyrgðartryggingar ná til.

□ Með undanþágubeiðni skv. 1. eða 3. tölul. 2. mgr. skal lögmaður láta fylgja yfirlýsingu sína um að hann muni einungis nýta réttindi sín innan þeirra marka er þar greininir.

□ Vinnuveitanda jafnt sem lögmanni er skylt að tilkynna Lögmannafélagi Íslands ef vinnusambandi þeirra er slitíð.

□ Ef lögmaður fullnægir annars ekki þeim skyldum sem um getur í 1. mgr. ber honum að leggja réttindi sín inn til [ráðuneytisins]<sup>1)</sup> og skulu þau lýst óvirk.<sup>2)</sup>

<sup>1)</sup> L. 162/2010, 155. gr. <sup>2)</sup> L. 93/2004, 7. gr.

■ **13. gr.** [Lögmannafélag Íslands hefur eftirlit með því að lögmaður uppfylli ávallt skilyrði fyrir lögmannsréttindum skv. 6., 9. og 12. gr.

□ Lögmanni er skylt að veita Lögmannafélagi Íslands eða löggiltum endurskoðanda, sem félagið tilnefnir í því skyni, allar nauðsynlegar upplýsingar til að metið verði hvort hann fullnægi þeim skyldum sem mælt er fyrir um í 12. gr. Ber sá sem gegnir eftirliti þagnarskyldu um það sem hann kemst að raun um, að því leyti sem það varðar ekki tilgang eftirlitsins. Ákveði stjórn félagsins að fela endurskoðanda félagsins að rannsaka fjárreiður lögmanns er félaginu heimilt að krefja lögmanninn um greiðslu kostnaðar við rannsóknina, enda hafi hún verið verulega yfirgripsmikil og leiði í ljós misfellingur í starfi.

□ Komi fram við eftirlit skv. 1. mgr. að lögmaður fullnægi ekki þeim skilyrðum sem þar greinir ber Lögmannafélagi Íslands að leggja til við [ráðherra]<sup>1)</sup> að réttindi hans verði felld niður. Skal ráðherra taka rökstudda afstöðu til slíkrar tillögu innan tveggja mánaða frá því að hún berst honum.

□ Hafi lögmaður sem ákvæði 23. gr. tekur til ekki skilað stjórn Lögmannafélags Íslands yfirlýsingu um stöðu vörslufjárreiknings skv. 2. mgr. 23. gr. fyrir 1. október ár hvert, eða slík yfirlýsing hefur ekki reynst fullnægjandi, ber Lögmannafélagi Íslands að leggja til við [ráðherra]<sup>1)</sup> að réttindi hans verði felld niður. Skal ráðherra taka rökstudda afstöðu til slíkrar tillögu innan tveggja mánaða frá því að hún berst honum.<sup>2)</sup>

<sup>1)</sup> L. 162/2010, 155. gr. <sup>2)</sup> L. 93/2004, 8. gr.

■ **14. gr.** [Nú berst úrskurðarnefnd lögmanna kvörtun á hendur lögmanni og telur sýnt að hann hafi í störfum sínum brotið svo mjög eða ítrekað gegn lögum eða þeim reglum sem um getur í 2. mgr. 5. gr. að ekki verði við unað að hann hafi áfram réttindi til að vera lögmaður. Getur þá nefndin í rökstuddu álitni lagt til við [ráðherra]<sup>1)</sup> að réttindi lögmansins verði felld niður tímabundið eða hann sviptur réttindum ef sakir eru miklar. Nefndin getur lagt til niðurfellingu eða sviptingu þó svo að lögmaðurinn hafi lagt réttindi sín inn til [ráðuneytisins]<sup>1)</sup> og þau hafi verið lýst óvirk skv. 2. mgr. 15. gr.

□ Ráðherra ber að taka afstöðu til tillögu skv. 1. mgr. innan tveggja mánaða frá því að hún berst honum.<sup>2)</sup>

<sup>1)</sup> L. 162/2010, 155. gr. <sup>2)</sup> L. 93/2004, 9. gr.

■ **15. gr.** [Taki lögmaður við opinberu starfi sem [ráðherra]<sup>1)</sup> telur ósamrýmanlegt handhöfn virkra lögmansréttinda skal hann leggja réttindi sín inn til [ráðuneytisins]<sup>1)</sup> og skulu réttindin lýst óvirk.

□ Lögmanni er alltaf frjálst að leggja réttindi sín inn til [ráðuneytisins]<sup>1)</sup> og skulu þau þá lýst óvirk.<sup>2)</sup>

<sup>1)</sup> L. 162/2010, 155. gr. <sup>2)</sup> L. 93/2004, 10. gr.

■ **16. gr.** [Hafi [ráðherra]<sup>1)</sup> lýst réttindi lögmans óvirk, þau fallið niður eða verið felld niður samkvæmt einhverju því sem í 12.–15. gr. segir skulu þau lýst virk að nýju eða veitt honum að nýju eftir umsókn hans án endurgjalds eða prófraunar, enda fullnægi hann öllum öðrum skilyrðum til að njóta þeirra. Hafi réttindi lögmans verið felld niður skv. 4. mgr. 13. gr. skal að auki leita staðfestingar Lögmannafélags Íslands á því að umsækjandi hafi skilað til félagsins fullgildri yfirlýsingu um stöðu vörslufjárreiknings.

□ Hafi lögmaður verið sviptur réttindum samkvæmt því sem í 14. gr. segir getur hann að fimm árum liðnum sótt um heimild til að gangast undir prófraun skv. 7. gr. og sækja í kjölfarið á ný um réttindi til að vera héraðsdómslögmaður. Slíka heimild veitir [ráðherra]<sup>1)</sup> að fengnum meðmælum Lögmannafélags Íslands.<sup>2)</sup>

<sup>1)</sup> L. 162/2010, 155. gr. <sup>2)</sup> L. 93/2004, 11. gr.

■ **17. gr.** [[Ráðherra]<sup>1)</sup> skal auglýsa veitingu réttinda í Lögbirtingablaði. Sama gildir um sviptingu þeirra, svo og ef þau eru felld niður, falla sjálfkrafa niður eða eru lýst óvirk.

□ Í [ráðuneytinu]<sup>1)</sup> skal halda skrá um lögmenn sem hafa virk lögmansréttindi. Skal þar greina sérstaklega þá sem hafa hlotið undanþágu með þeim hætti sem greinir í 2. mgr. 12. gr. Skrá þessi skal vera opin almenningi.<sup>2)</sup>

<sup>1)</sup> L. 162/2010, 155. gr. <sup>2)</sup> L. 93/2004, 12. gr.

#### IV. kafli. Störf lögmanna.

■ **18. gr.** Lögmönnum ber í hvívetna að rækja af alúð þau störf sem þeim er trúað fyrir og neyta allra lögmætra úrræða til að gæta lögvarinna hagsmuna umbjóðenda sinna.

■ **19. gr.** Lögmanni ber sjálfum að starfa á skrifstofu sinni. Reki hann útibú frá skrifstofunni má hann þó fela öðrum lögmanni í þjónustu sinni að veita því forstöðu.

□ Telji lögmaður sér ekki fært vegna aldurs eða heilsufars síns að hafa opna skrifstofu má hann leita undanþágu Lögmannafélags Íslands frá skyldu til þess.

□ Lögmönnum er heimilt að stofna félag um rekstur sinn í því formi sem þeir sjálfir kjósa, þar á meðal með takmarkaðri ábyrgð. Slík takmörkun breytir ekki því að lögmaður ber alltaf óskerta ábyrgð á tjóni sem hann eða starfsmaður hans bakar öðrum með störfum sínum.

□ Öðrum en lögmönnum er óheimilt að reka félag um skrifstofu lögmans eða eiga hlut í því. Við andlát lögmans getur þó Lögmannafélag Íslands veitt dánarbúi hans eða erfingjum tímabundna heimild til að eiga og reka slíkt félag. Sams konar heimild má veita þrotabúi ef bú lögmans er tekið til gjaldþrotaskipta.

□ ...<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 93/2004, 13. gr.

■ **20. gr.** Lögmanni er skylt að taka við skipun [eða tilnefningu]<sup>1)</sup> sem verjandi eða réttargæslumaður í [sakamáli],<sup>2)</sup> enda fullnægi hann til þess hæfisskilyrðum og hafi ekki ósamrýmanlegra hagsmuna að gæta vegna sjálfs sín, venslanna sinna eða annars umbjóðanda síns.

□ Að öðru leyti en leiðir af 1. mgr. er lögmanni aldrei skylt að taka að sér verk sem leitað er til hans um.

<sup>1)</sup> L. 36/1999, 48. gr. <sup>2)</sup> L. 88/2008, 234. gr.

■ **21. gr.** Nú sækir lögmaður eða fulltrúi hans dómþing fyrir aðila, og skal hann þá talinn hafa umboð til að gæta þar hagsmuna aðilans nema það gagnstæða sé sannað.

□ Sé ekki sýnt fram á annað felur umboð aðila til lögmans í sér heimild til að gera hvaðeina sem venjulegt má telja til að gæta hagsmuna fyrir dómi. Innan þeirra marka er umbjóðandi bundinn af ráðstöfun lögmans þótt hann fari út fyrir þá heimild sem umbjóðandi hefur veitt honum.

□ Lögmaður getur ekki tekið við greiðslu svo bindandi sé gagnvart umbjóðanda nema hann hafi til þess sannanlegt umboð.

□ Lögmanni er skylt að inna sjálfur af hendi þau störf fyrir dómi sem honum eru falin nema umbjóðandi hans samþykki annað. Lögmaður getur þó falið fulltrúa sínum eða öðrum lögmanni að sækja fyrir sig dómþing, enda sé það ekki háð til aðalmeðferðar máls eða munnlegrar sönnunarfærslu.

□ Umbjóðanda er ætíð heimilt að kalla aftur umboð sitt til lögmans. Ákvæði um annað í umboði eru ekki skuldbindandi.

□ Lögmaður getur á öllum stigum sagt sig frá verki sem honum hefur verið falið, en gæta verður hann þess að umbjóðandi hans verði ekki af þeim sökum fyrir réttarspjöllum.

■ **22. gr.** Lögmaður ber þagnarskyldu um hvaðeina sem honum er trúað fyrir í starfi sínu. Starfsmaður lögmans er einnig bundinn þagnarskyldu um slík trúnaðarmál sem hann kann að komast að vegna starfa sinna.

□ Áður en lögmaður tekur að sér verk ber honum að vekja athygli þess sem til hans leitar ef hann telur einhverja hættu á að hagsmunirnir sem í húfi eru kunni að rekast á hagsmuni hans sjálfs, venslamanna sinna eða annars umbjóðanda, eða að samsvarandi torkerki geti risið við rækslu starfans.

■ **23. gr.** [Lögmanni sem ekki hefur fengið undanþágu frá skyldum 1. mgr. 12. gr. er skylt að halda fjármunum þeim sem hann tekur við í þágu annarra aðgreindum frá eigin fé og er skylt að hafa sérstakan vörslufjárreikning í viðurkenndri bankastofnun og varðveita þar slíka fjármuni.

□ Lögmaður skal fyrir 1. október ár hvert senda Lögmannafélagi Íslands, á þar til gerðu eyðublaði, yfirlýsingu sem staðfest er af löggiltum endurskoðanda um að staða vörslufjárreiknings hinn 31. desember fyrra árs sé ekki lægri en staða vörslufjár samkvæmt bókhaldi lögmansins. Samtímis skal lögmaður senda félaginu upplýsingar um verðbréf sem voru í hans vörslu 31. desember fyrra árs sem staðfestar eru af löggiltum endurskoðanda.

□ [Ráðherra]<sup>1)</sup> skal setja nánari reglur<sup>2)</sup> um vörslufjárreikninga að fengnum tillögum Lögmannafélags Íslands.]<sup>3)</sup>

<sup>1)</sup> L. 162/2010, 155. gr. <sup>2)</sup> Rg. 1192/2005. <sup>3)</sup> L. 93/2004, 14. gr.

■ **24. gr.** Lögmanni er rétt að áskilja sér hæfilegt endurgjald fyrir störf sín og skal umbjóðanda hans eftir því sem unnt er gert ljóst hvert það gæti orðið í heild sinni. Þar á meðal getur lögmaður áskilið sér hluta af þeirri fjárhæð sem umbjóðandi fær greitt í máli, svo og hærra endurgjald ef mál vinnst en ef það tapast.

□ Loforð um ósanngjarnt endurgjald fyrir starf lögmans bindur ekki umbjóðanda hans.

□ [[Ráðherra]<sup>1)</sup> skal að fenginni umsögn Lögmannafélags Íslands gefa út leiðbeiningar handa lögmönnum um endurgjald sem þeim sé hæfilegt að áskilja umbjóðendum sínum úr hendi skuldara vegna kostnaðar af löginnheimtu peningarkröfu, sbr. 24. gr. a. Lögmönnum er óheimilt að nota leiðbeiningar þessar í öðrum tilgangi.]<sup>2)</sup>

□ ...<sup>3)</sup>

<sup>1)</sup> L. 162/2010, 155. gr. <sup>2)</sup> L. 60/2010, 6. gr. <sup>3)</sup> L. 95/2008, 22. gr.

■ **[24. gr. a.]** Lögmenn annast löginnheimtu. Með löginnheimtu er átt við innheimtumeðferð á grundvelli réttarfarslaga og markast upphaf hennar við aðgerðir sem byggðar eru á lögum um aðför, nr. 90/1989, lögum um kyrrsetningu, lögbann o.fl., nr. 31/1990, lögum um nauðungarsölu, nr. 90/1991, lögum um meðferð einkamála, nr. 91/1991, lögum um gjaldþrotaskipti o.fl., nr. 21/1991, og lögum um skipti á dánarþáttum o.fl., nr. 20/1991, eða tilkynningum sem samrýmtast góðum lögmansháttum.

□ Við löginnheimtu skv. 1. mgr. er lögmanni óheimilt að áskilja sér endurgjald skv. 3. mgr. 24. gr. af þeim hluta kröfu sem fallinn er í gjalddaga vegna gjaldfellingar eftirstöðva skuldar sökum vanefnda á greiðslu afborgunar eða vaxta.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 60/2010, 7. gr.

■ **25. gr.** Lögmaður ber bótaábyrgð á störfum sínum og starfsmanna sinna eftir almennum reglum.

□ Lögmönnum er skylt að hafa í gildi ábyrgðartryggingu<sup>1)</sup> hjá váttryggingafélagi sem hefur starfsleyfi hér á landi vegna fjárhagstjóns sem leitt getur af gáleysi í störfum þeirra eða starfsmanna þeirra. Að fengnum tillögum Lögmannafélags

Íslands getur [ráðherra]<sup>2)</sup> ákveðið með reglugerð að önnur jafngild trygging geti komið í stað ábyrgðartryggingar.

□ [Ráðherra]<sup>2)</sup> skal að fengnum tillögum Lögmannafélags Íslands og umsögn Fjármálaeftirlitsins ákveða lágmark fjárhæðar ábyrgðartryggingar skv. 2. mgr. og hámark eigin áhættu váttryggingartaka. Skal þá höfð hliðsjón af góðum venjum á sviði váttrygginga og hagsmunum viðskiptamanna lögmanna. Sjálfháætta váttryggingartaka samkvæmt tryggingarskilmálum hefur engin áhrif á stöðu þriðja manns.

□ Lögmanni er heimilt með samningi um ákveðið verk að takmarka hámark bótaskyldu sinnar vegna rækslu þess við tiltekna fjárhæð sem nemi að minnsta kosti lágmarki ábyrgðartryggingar skv. 3. mgr. Slík takmörkun bindur aðeins viðsemjanda lögmans og getur ekki náð til annars tjóns en þess sem stafar af einföldu gáleysi.

<sup>1)</sup> Rg. 200/1999. <sup>2)</sup> L. 162/2010, 155. gr.

## V. kafli. Ágreiningur um störf lögmanna.

■ **26. gr.** Ef lögmann greinir á við umbjóðanda sinn um rétt til endurgjalds fyrir störf sín eða fjárhæð þess getur annar þeirra eða þeir báðir lagt málið fyrir úrskurðarnefnd lögmanna. [Nefndin vísar frá sér ágreiningsmáli um endurgjald ef lengri tími en eitt ár er liðinn frá því að kostur var á að koma því á framfæri.]<sup>1)</sup>

□ Hafi dómssmál ekki verið höfðað um ágreiningsefni skv. 1. mgr. áður en það er lagt fyrir úrskurðarnefndina verður það ekki borið undir dómstóla á meðan málið er þar rekið.

□ Ef lagt er fyrir úrskurðarnefndina ágreiningsefni sem dómssmál er rekið um getur hún að ósk annars eða beggja aðila látið í té álitsergerð til afnota þar. Hafi dómssmáli verið lokið um ágreiningsefnið vísar nefndin því frá sér.

<sup>1)</sup> L. 93/2004, 15. gr.

■ **27. gr.** Nú telur einhver að lögmaður hafi í starfi sínu gert á sinn hlut með háttsemi sem stríði gegn lögum eða reglum skv. 2. mgr. 5. gr. og getur hann þá lagt fyrir úrskurðarnefnd lögmanna kvörtun á hendur lögmanninum. Nefndin vísar kvörtun frá sér ef lengri tími en eitt ár er liðinn frá því að kostur var á að koma henni á framfæri.

□ [Í máli skv. 1. mgr. getur úrskurðarnefndin fundið að vinnubrögðum eða háttsemi lögmans eða veitt honum áminningu. Ef sakir eru miklar eða lögmaður hefur ítrekað sætt áminningu getur nefndin brugðist svo við sem um ræðir í 1. mgr. 14. gr.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 93/2004, 16. gr.

■ **28. gr.** Mál skal lagt fyrir úrskurðarnefnd lögmanna með skriflegu erindi og skulu því fylgja nauðsynleg gögn. Fyrningu kröfu er slitið þegar nefndinni berst erindi um hana.

□ [Úrskurðarnefndinni er heimilt að taka upp hæfilegt málalagjald sem greiða skal við framlagningu ágreiningsmáls eða kvörtunar fyrir nefndinni. Sé grundvöllur fyrir erindinu staðreyndur með úrskurði nefndarinnar skal endurgreiða innheimt málalagjald til málshefjanda.]<sup>1)</sup>

□ [Úrskurðarnefndinni er heimilt að skylda málsaðila til að greiða gagnaðila sínum málskostnað vegna reksturs máls fyrir henni.

□ Úrskurðarnefndinni er heimilt, ef sérstaklega stendur á, að ákveða að málsaðilar greiði kostnað sem hlýst af störfum nefndarinnar við mál þeirra.]<sup>1)</sup>

□ Þegar máli skv. 26. eða 27. gr. er lokið fyrir úrskurðarnefndinni er aðila að því heimilt að leita fyrir dómi ógildingar á úrskurði hennar eða sátt sem er gerð fyrir henni eða leita þannig breytingar á niðurstöðu sem þar hefur fengist.

□ Úrskurði nefndarinnar eða sátt sem kemst á fyrir henni má fullnægja með aðför eins og dómsúrskurði eða dómsátt.

<sup>1)</sup> L. 93/2004, 17. gr.

#### VI. kafli. Ýmis ákvæði.

■ **29. gr.** Það varðar sektum að taka að sér starfa sem lögmennt mega einir gegna skv. 2. gr. ef sá sem það gerir hefur hvorki réttindi sem lögmaður né starfar sem lögmannsfulltrúi. Einnig varðar sektum að bjóða öðrum þjónustu sem lögmaður ef þann sem það gerir skortir til þess réttindi.

□ [Þeim einum er heimilt að nota starfsheitið lögmaður, héraðsdómslögmaður eða hæstaréttarlögmaður eða skammstafanirnar hdl. og hrl. sem hefur virk réttindi samkvæmt lögum þessum og uppfyllir ákvæði 12. gr. Brot gegn þessu ákvæði varðar sektum.]<sup>1)</sup>

□ [Það varðar sektum að nota starfsheiti erlendra lögmannna sem greind eru í reglum sem [ráðherra]<sup>2)</sup> setur skv. 2. mgr. 1. gr. án þess að hafa hlotið tilskilið starfsleyfi í ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins.]<sup>1)</sup>

□ Brot gegn 1. mgr. 22. gr., 1. mgr. 23. gr. og 2. mgr. 25. gr. varða sektum nema þyngri refsing liggji við samkvæmt öðrum lögum.

<sup>1)</sup> L. 93/2004, 18. gr. <sup>2)</sup> L. 162/2010, 155. gr.

#### VII. kafli. Gildistaka o.fl.

■ **30. gr.** Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1999. . . .

■ **31. gr.** Með lögum þessum raskast ekki réttindi héraðsdómslögmannna og hæstaréttarlögmannna sem hafa verið veitt fyrir gildistöku þeirra, þar á meðal réttindi skv. 2. mgr. 9. gr. eldri laga.

□ . . . <sup>1)</sup>

□ Hafi lögmaður verið sviptur réttindum eða lagt þau inn fyrir 1. janúar 1999 eða svo hefur annars orðið ástætt fyrir honum að hann hafi fyrirgert réttindum sínum um sinn gilda ákvæði þessara laga um hvort, hvernig og hvenær hann geti öðlast réttindin á ný.

□ . . . <sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 93/2004, 19. gr.

■ **Ákvæði til bráðabirgða.** [Þegar skipað er í fyrsta sinn í úrskurðarnefnd lögmannna samkvæmt lögum þessum skulu einn aðalmaður og varamaður hans skipaðir til eins árs, annar aðalmaður ásamt varamanni til tveggja ára og þriðji aðalmaður ásamt varamanni til þriggja ára. Skal skipunartími hvers ákveðinn með hlutkesti þegar ákveðið hefur verið hverjir veljast þar til starfa.

□ Skipað skal í fyrsta sinn í prófnefnd skv. 1. mgr. 7. gr. laganna þegar skipunartími prófnefndar sem skipuð var samkvæmt eldra ákvæði rennur út.

□ Sá sem hefur við gildistöku laga þessara fengið viðurkenningu prófnefndar á prófmáli til flutnings fyrir Hæstarétti í samræmi við ákvæði 9. gr. laganna skal eiga þess kost að ljúka prófraun samkvæmt eldri reglum fyrir 1. desember 2005, enda hafi umsókn um viðurkenningu prófnefndar á síðara prófmáli borist nefndinni fyrir 10. nóvember 2005.

□ Prófnefnd skv. 2. mgr. 9. gr. laganna skal starfa til 30. nóvember 2005.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 93/2004, 20. gr.